KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS
KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

21. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2025 - 2027

Föstudagur 30. október 2026 kl. 14:30 – Hótel Hilton Suðurlandsbraut

Mætt til fundar: Kristinn Albertsson (KA) formaður sem stýrir fundi, Herbert Arnarson (HA) varaformaður, Einar Hannesson (EH) gjaldkeri, Jón Bender (JB) , Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Ágúst Angantýsson (ÁA), Sigríður Sigurðardóttir (SS), Margrét Kara Sturludóttir (MKS) og Hugi Halldórsson (HH).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð

Undir lið 8 "Vinnufundur" mættu Sólveig Helga Gunnlaugsdóttir (SHG) mótastjóri og Ingvar Örn Ákason (IÖÁ) markaðs-og kynningarfulltrúi

---

1. **Fundargerð síðasta fundar**
   Fundargerð síðasta fundar hefur verið birt á kki.is

2. **Yfirferð framkvæmdastjóra á ýmsum málum**
   HSJ fór yfir nokkur mál sem unnið hefur verið í frá síðasta stjórnarfundi.

3. **Fjármál og níu mánaða uppgjör**
   Sagt frá fundi sem KA, EH og HSJ áttu með Eyjólfi Þór Guðlaugssyni bókara sambandsins fyrr um daginn.
   EH fór létt yfir 9 mánaða uppgjör sem lítur vel út, stefnir í hagnað í lok árs eins og stefnt var að í áætlun. Fundað verður í fjárhagsnefnd á næstu dögum og svo 9 mánaða uppgjör sent til stjórnar eftir þann fund.

4. **Nýir samstarfsaðilar**
   Nokkrir nýir samtarfsaðilar kynntir til leiks.

   Bæjarins Beztu Pylsur hefur keypt nafnaréttinn á næst efstu deildunum og munu þær því hér eftir heita **Bæjarins Beztu deild karla** og **Bæjarins Beztu deild kvenna**. Ásamt því munu Bæjarins Beztu Pylsur sjá um alla sölu veitinga á landsleikjum og ýmsum öðrum viðburðum á vegum KKÍ. Samningur var gerður til þriggja ára.

   Íslandshótel er nýr almennur samstarfsaðili sambandsins og samningur gerður út árið 2028.

   ComfyBalls nýr samstarfsaðili til eins árs, sem sér landsliðsfólki okkar meðal annars fyrir nærfatnaði.

5. **Samningur KKÍ & KKDÍ og ný gjaldskrá**
   KKDÍ hefur samþykkt nýjan samning sem og gjaldskrá sem gildir út keppnistímabilið 2029/2030.
   Eitt af því sem er í samningnum og er nýjung er að dómaranefnd velur 4-8 dómara sem munu fá fasta greiðslu fyrir tiltekin verkefni frá 1. okt til og með 31. mars á hverju keppnistímabili. JB fór yfir hugmyndir að því hvernig þessir dómarar yrðu valdir, góðar umræður um þetta og málefni dómara almennt.

6. **Næstu fundur stjórnar**
   Mánudaginn 7. desember

7. **Önnur mál**

8. **Vinnufundur**
   a) Ungir afreksleikmenn/landsliðsmenn
   - er ungt afreksfólk að fá verkefni við hæfi eða ekki
   - Getur KKÍ aðstoðað ungt afreksfólk meira en gert er í dag

   b) Mótamálin – fortíð – nútíð – framtíð
   - áskoranir dagsins í dag
   - næstu skref

   Miklar og góðar umræður um bæði afreks- og mótamálin frá ýmsum hliðum og mörg sjónarmið rædd.
   Ákveðið að skipa vinnunefnd stjórnar og starfsmanna sem mun vinna málið áfram og skila af sér tillögum til stjórnar á fundi 11. janúar.
   Tillögum úr þessari vinnu verður svo skilað inn á Körfuknattleiksþing 3. apríl 2027.

   Vinnunefndina skipa ÁA, HA, SS ásamt mótastjóra og afreksstjóra. Nefndin mun jafnframt leita til annarra innan hreyfingarinnar varðandi innlegg og hugmyndir.

   c) Farið var yfir markaðs- og kynningarmál.

   d) Farið var yfir næstu skref í vinnu við 3x3 og mótahald þess næsta vor og sumar. Stefnt að því að senda fyrsta landslið Íslands í 3x3 á Norðurlandamót í ágúst á næsta ári.

Fundi slitið kl.18:42